



Menntun - Virðing - Fagmennska - Framsækni

Tækniskólalínan

1. TBL. 12. ÁRGANGUR 2019



Vorönn 2019

Velkomin í Tækniskólann!

Þjónusta

Aðalskrifstofa skólans er staðsett á annarri hæð við aðalinnganginn á Skólavörðuholti. Hún er opin frá kl. 08:00–15:00 alla virka daga. Skrifstofur skólans á Háteigsvegi (4.h) og í Hafnarfirði (2.h) eru á bókasafni og opnar á afgreiðslutíma safnsins. Upplýsingar um opnunartíma eru á vef skólans.

Bókasafn - Upplýsingamiðstöð

Bókasafn skólans er á þremur stöðum, í Hafnarfirði, á Háteigsvegi og Skólavörðuholti. Starfsfólk safnsins aðstoðar nemendur við upplýsingaleit og heimildaöflun. Lesstofur og tölvur eru á öllum stöðum. Einnig er aðstaða til prentunar og skönnunar. Upplýsingar um opnunartíma eru á vef skólans.

Tölvuþjónusta

Allir nemendur hafa aðgang að **tölvukerfi** Tækniskólans og þráðlaust net er opið öllum með sama aðgangsorði og í Innu.

Inna og kennsluvefur

Inna er upplýsingakerfi skólans sem heldur utan um alla þætti náms hjá nemendum, m.a. vitnisburð, einkunnir, ástundun, mætingu og námsferil. Inna er einnig kennslukerfi skólans. Afgreiðsla lykilorða og

upplýsingar um hvernig á að fá sent nýtt lykilorð eru á vef skólans. Kennitala nemanda er notandanafn inn á Innu og tölvur skólans, sama lykilorð er notað á báðum stöðum. Aðstandendur ólögráða nemenda fá einnig aðgang að Innu og nemendur eldri en 18 ára geta sjálfir veitt foreldrum eða forráðamönnum aðgang að Innu. Mikilvægt er að nemendur gæti þess að netföng þeirra og símanúmer séu rétt skráð.

Námsver og sérþarfir

Í **námsverum** skólans geta nemendur fengið aðstoð við próftöku og heimanám auk þess sem þar er veitt aðstoð í almennum grunngreinum. Einnig er hægt að leita til námsvera við verkefna- og ritgerðasmíð. Námsverin eru á bókasöfnum skólans í öllum húsum. Upplýsingar um opnunartíma eru á vefsíðu skólans. Nemendur skrá umsókn um **sérúrræði rafrænt í Innu** og þurfa að skila jafnframt inn gögnum á skrifstofuna.

Töflubreytingar

Töflubreytingar eru eingöngu fyrir þá sem ekki fengu áfanga í töflu samkvæmt vali. Töflubreytingar eru gerðar rafrænt í Innu, 4.–5. janúar.

Hvað þýða nýju áfangaheitin?

DANS2BM05ATS: Áfanginn er á 2. þrepi, 05=einingar og röð áfangans er A=fyrsti í röð. T=Tæknimenntaskólinn S=Skólavörðuholt.

ÍSLE2AA05AT-Hát = kennt á Háteigsvegi

ÍSLE2AA05AT-Hfj = kennt í Hafnarfirði

Gagnlegar upplýsingar og útskýring á **stundatöflum** eru á vef skólans.

Húsnæði Tækniskólans



Aðalbygging
Skólavörðuholti

Stofur S101A–S504



Háteigsvegur í
Sjómannaskólahúsi

Stofur H001–309,
HR-, HS- og HV- stofur



Vörðuskóli (UT)
Skólavörðuholti

Stofur S610–S639



Árleynir 4
Keldnaholt

Flugvirkjun



Aðalbygging
Flatahrauni 12, Hfj.

Stofur TH101–TH318



Í húsnæði Síurlands
Vatnagörðum 4

Hljóðtækni - Kvikmyndatækni



Gjótan
Gjótuhrauni 7, Hfj.

Pípulagnir



Skeljanes 15
Skerjafirði

Stofur S-MÚR
Múrsmíði

Húsnæði Tækniskólans er á nokkrum stöðum í Reykjavík og í Hafnarfirði. Opnunartímar í húsum skólans eru á kennslutíma: kl. 7:30 til 16:00.

Aðgangskort þarf til að hafa aðgang að húsnæði utan hefðbundins kennslutíma. Þau eru pöntuð og afgreidd á bókasöfnum skólans. Aðgangskortin virka jafnframt sem prentkort.

Úrsögn úr áfanga

Ef nemandi hyggst segja sig úr áfanga þarf hann að fylla út sérstakt eyðublað á skrifstofu eða bókasafninu. Nemendur yngri en 18 ára þurfa samþykki forráðamanns fyrir úrsögn úr áfanga. Úrsögn úr áfanga getur verið háð samþykki viðkomandi skólastjóra. Gott getur verið að ræða við náms- og starfsráðgjafa áður en tekin er ákvörðun um úrsögn. **Athugið!** Síðasti dagur til að óska eftir úrsögn úr áfanga er 18. janúar.

Útskriftarnemendur

Nemendur sem hyggjast útskrifast í lok annar þurfa að gefa sig fram við skólastjóra sinn og skrá sig til útskriftar eigi síðar en 18. janúar.

Val fyrir næstu önn

Valdagur er 15. mars. Til þess að tryggja áframhaldandi skólavist þurfa nemendur að hitta umsjónarkennara þennan dag, yfirfara með honum áfangaval sitt fyrir næstu önn og staðfesta valið.

Umsjónarkennarar

Nemendur geta leitað til umsjónarkennara með allt er varðar námið. Umsjónarkennarar hafa vikulega viðtalstíma sem skráðir eru í stundatöflu nemenda.

Upplýsingar um forföll kennara

Forföll kennara eru tilkynnt nemendum í Innu og með tölvupósti.

Námsráðgjafar

Námsráðgjafar eru til viðtals fyrir nemendur um allt sem lýtur að námi þeirra. Nemendur geta rætt persónuleg vandamál sín við námsráðgjafa í þeirri fullvissu að þeir eru bundnir þagnarskyldu. Innan skólans eru námsráðgjafar málsvarar nemendanna. Upplýsingar um viðtalstíma og staðsetningu námsráðgjafa er að finna á vef skólans.

Sálfræðingur

Markmið með **sálfræðipjónustu skólans** er að veita nemendum ráðgjöf og fræðslu um námstækni, kvíða, þunglyndi, ADHD, bætta mætingu o.fl. Sálfræðingur skólans, Benedikt Bragi Sigurðsson, er staðsettur í viðtalsherbergi 218 á Skólavörðuholti. Hann hefur einnig viðveru í Hafnarfirði og Háteigsvegi. Hægt er að panta tíma í gegnum Innu, senda póst á bbs@tskoli.is eða koma við og sjá hvort hann er laus.

Skólasókn

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir í þeim áföngum sem þeir hafa valið sér og mæta stundvíslega.

Ef nemandinn mætir ekki í skólann eða gerir ekki grein fyrir fjarveru sinni fyrstu kennsluvikuna, er lítið svo á að hann ætli ekki að stunda nám í skólanum. Sé nemandi fjarverandi úr kennslustund eða fjarverandi meira en 20 mínútur af kennslustund fær hann tvö fjarvistarstig. Komi nemandi of seint til kennslu fær hann eitt fjarvistarstig. Skólasóknareinkunn er gefin fyrir heildarmætingu.

Fyrir góða raunmætingu 95-100% fær nemandi eina námseiningu sem nýttist sem hluti af frjálsum vali. Reglulega er gerð úttekt á skólasókn nemenda. Nemendur sem reynast með 80-90% mætingu á úttektardegi fá viðvörðun. Nemendur með mætingu undir 80% eru boðaðir í viðtöl til umsjónarkennara eða skólastjóra. Fari nemandi niður fyrir 80% heildarmætingu áskilur skólinn sér rétt til að vísa honum úr skóla. Kvartanir vegna fjarvistarskráninga eiga að berast til kennara áfangans.

Forvarnarfulltrúi

Forvarnarfulltrúi er til viðræðu við nemendur sem hafa áhyggjur af eigin vímuefnaneyslu, vina sinna eða vandamanna. Forvarnarfulltrúi er Guðlaug Kjartansdóttir. Viðtalstímar eru auglýstir á heimasíðu skólans.

Félagsmálafulltrúi

Félagsmálafulltrúi skólans aðstoðar nemendasambandið NST og skólafélögin í sínu starfi. Þorvaldur Guðjónsson er félagsmálafulltrúi og veitir allar nánari upplýsingar, sendið fyrirspurnir með tölvupósti á tgu@tskoli.is eða hringið í síma 698 3857.

Félagslífið

Tækniskólinn leggur ríka áherslu á að í skólanum sé mikið og fjölbreytt félagslíf. Innan allra skóla Tækniskólans starfa félög nemenda sem mynda nemendasamband Tækniskólans, NST. Hlutverk þess og nemendafélaganna er að halda utan um félagslíf skólans, klúbba, keppnir innan og utan skóla og aðrar uppákomur. Nemendur eru hvattir til þess að tengjast NST á Facebook, Instagram og Snapchat, nánari upplýsingar: nst.is og á tskoli.is



Nemendasambandið

/nstskoli

Vottorð vegna veikinda

Ekki er þörf á að hringja í skólann ef nemandi getur ekki mætt í kennslustund eða námsmat vegna veikinda. Forföll eru tilkynnt til skólans á eftirfarandi hátt: Forráðamenn skrá veikindi nemenda undir 18 ára beint inn í Innu. Ef nemandi gefur forráðamönnum aðgang að Innu eftir að 18 ára aldri er náð, hefur forráðamaður áframhaldandi heimild til að skrá **veikindi beint í Innu**. Nemendur sem eru orðnir 18 ára þurfa að skila læknisvottorði á skrifstofu skólans innan viku frá þeim degi sem þeir koma aftur í skólann eftir veikindi. Ef nemendur veita aðstandendum leyfi til veikindaskráningar, er ekki þörf á að skila læknisvottorði. **Athugið að** ekki er tekið við vottorðum vegna fjarvista hluta úr degi.

Prentkort

Til að nálgast prentverk í prenturum eða til að ljósrita á fjölnotavélum þurfa nemendur að hafa auðkenniskort. Kortinu fylgja a.m.k. 100 prenteiningar, en sumar brautir fá fleiri einingar.

- 1 prenteining - A4 svart/hvít
- 2 prenteiningar - A4 í lit og A3 svart/hvít
- 4 einingar - A3 í lit

Nemendur sækja um prentkort á bókasöfnum skólans og greiða þar 500 kr. Prentkortin eru yfirleitt tilbúin samdægurs eða daginn eftir en þau þarf að láta virkja við afhendingu.

Geymsluskápar

Á Háteigsvegi, Skólavörðuholti og í Hafnarfirði eru geymsluskápar til afnota fyrir nemendur án endurgjalds. Reglurnar eru einfaldar: Fyrstur kemur fyrstur fær, ef skápur er opinn er hann laus til notkunar. Nota skal eigin lás. Skápa á að tæma og skilja eftir opna í lok skólaárs 1. júní ár hvert. Eftir það verður klippt á lása sem enn eru á skápum og innihaldi skápanna fargað.

Mötuneyti

Mötuneyti er á 3. hæð í aðalbyggingu Tækniskólans á Skólavörðuholti. Mötuneyti á Háteigsvegi er á 4. hæð og mötuneytið í Hafnarfirði er á 2. hæð.

Umgengni

Nemendur skulu ganga vel og snyrtilega um skólann. Í Hafnarfirði þurfa allir að fara úr útiskóm áður en gengið er upp á aðra og þriðju hæð.

Farsímar

Notkun á farsíma eða öðrum snjalltækjum í kennslustund er háð heimild/samþykki kennara hverju sinni.

Reykingar

Reykingar og öll notkun tóbaks, þ.m.t. munntóbaks og rafsígarettna er óheimil í húsnæði og á lóð framhaldsskóla.

Tryggingar

Nemendur og munir þeirra eru ekki tryggðir sérstaklega hjá skólanum. Fjölskyldu- og heimilistryggingar nemenda bæta ýmis tjón.

Skóladagatal - viðburðir

Mikilvægar dagsetningar eru í **skóladagatali** skólans, í Innu og í viðburðardagatali á vef skólans.

Vefur Tækniskólans - www.tskoli.is

Nemendur eru hvattir til að kynna sér vef skólans. Þar eru birtar upplýsingar um allt sem viðkemur starfsemi og námsframboði Tækniskólans.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



Vorönn 2019

i

Tengstu okkur betur :)

Tækniskólinn er virkur á flestum samfélagsmiðlum og notar þá mikið við upplýsingagjöf til nemenda. Við hvetjum þig til þess að taka þátt í umræðunni og tengjast okkur betur.

Finndu okkur á Facebook – Snapchat – Youtube – Instagram – Twitter